

Sp.

101. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu millipinganefndar, sem undirbúi löggjöf um ráðningu starfsmanna og veitingu embætta þess opinbera o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason, Héðinn Valdimarsson,
Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundnum kosningum þriggja manna millipinganefnd, til þess að vinna að undirbúningi löggjafar um ráðningu starfsmanna og veitingu embætta þess opinbera. Nefndin skal skila álit og tillögum fyrir næsta Alþingi. Kostnaður nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

Nefndin skal undirbúa löggjöf í þessum efnum, sem tryggi það, að ríkið og stofnanir þess og fyrirtæki fái að njóta starfskrafta hæfustu og beztu sona og dætra þjóðarinnar, án tillits til kunningsskapar, venzla og pólitískra skoðana, og sem hindri í þessum efnum misnotkun ríkisvaldsins í þágu hinna pólitísku flokka í landinu. Í tillögum nefndarinnar skulu ennfremur vera ákvæði um skyldur og réttindi embættismanna og annara opinberra starfsmanna.

Ennfremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að sjá um, að nú þegar verði sá siður upp tekinn, að auglýsa í Lögbirtingablaðinu laus til umsóknar öll embætti og fastastörf, sem losna hjá ríkinu, stofnunum þess og fyrirtækjum. Nöfn umsækjendanna skulu látin blöðunum í té til birtingar.

Greinargerð.

Lýðræðisskipulagið heimtar af þeim, sem við það búa, að þeir varðveiti það frá því að úrættast og spillast. En eitt af því, sem lýðræðinu stafar mikil hættu af, er misnotkun ríkisvaldsins í þágu pólitísku flokkanna. Þegar farið er að velja menn til starfa í þágu hins opinbera á grundvelli þess, hvort þeir séu reiðubúinir að veita þeim, sem með völdin fara, pólitískt brautargengi eða ekki — og þá minna spurt um hæfileika þeirra og kunnáttu, — þá er ekki aðeins lýðræðið fótum troðið, heldur einnig skapaður jarðvegur fyrir spillingu í opinberu lífi, sem hættuleg er lýðræðisskipulaginu. Spillingin í hinu opinbera lífi hefir spillandi áhrif á allt þjóðlífið, vegna hins slæma fordæmis, sem ranglætið og kaupskapurinn um manngildið eru, auk þess sem ekkert er eðlilegra en að embættismannastétt, sem til er orðin á þennan hátt, verði duglaus og hlutdræg og jafnvel mútubæg. Þessi úrætting lýðræðisins leggur einnig andstæðingum lýðræðisins vopn upp í hendurnar. Um leið og menn geta treyst á eitthvað annað en eigin hæfileika, þekkingu og dugnað til þess að ná æskilegri stöðu í þjóðfélaginu, þá er augljóst, að áhugi margra fyrir því að afla sér menntunar og sýna dugnað í starfi sínu hlýtur að dofna, en áhugi þeirra að vaxa fyrir því að veita pólitískar þjónustur, þar sem þeirra er æskt, og sem líklegar eru til að flytja þá þangað, sem þeir óska að komast. Embættismannastétt, sem verður til á þennan hátt, þ. e. með eftirgjöfum á sjálfsögðum siðgæðiskröfum, er ekki líkleg til þess að verða þjóð sinni að miklu liði, þegar erfiðleikar steðja að.

Hinar pólitísku embættaveitingar eru stórhættulegar fyrir æskuna og framtíð hennar. Ungir menn, sem hafa aðrar pólitískar skoðanir en þeir, sem með völdin fara í landinu, eða sem ekki vilja skipta sér af pólitík, verða oft að velja á milli þess að ganga atvinnulausir eða að láta kúgast. Með þessu móti er þjóðin rænd mörgum sínum beztu sonum og dætrum, því að keyptir og kúgaðir menn eru ekki líklegir til þess að verða henni til gæfu.

Í þeim lýðræðisríkjum, þar sem menn eru bezt vakandi fyrir því að varðveita lýðræðið, hefir verið komið sérstakri skipan á embættaveitingarnar og ráðningu starfsmanna þess opinbera. Mönnum hefir verið þar ljós hættan, sem stafar af hinum pólitísku embættaveitingum. Hefir verið komið lýðræðislegri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf. Má í þessum efnum benda á Norðurlönd, England og Bandaríkin. Er og ætlazt til þess með þáttill. þessari, að nefndin kynni sér þá löggjöf þessara og annara ríkja, sem lýtur að þessum málum.

Hér á landi er ástandið í þessum málum orðið á þann veg, eins og kunnugt er, að nauðsynlegt er að hefjast til handa um að breyta því til betri vegar.